

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. febrúar 2010  
Tilvísun: UST20100200055/bs

### Varnargarður undir Gleðihjalla á Ísafirðir. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða breikkun og dýpkun skurðar ofan við núverandi garð. Uppmokstur verður að hluta notaður til að hækka garðinn þannig að fyrirhugaðri framkvæmd lokinni verður garðurinn 5 metrar á hæð.

Efnispörf í garðinn er talin verða um 9.000 m<sup>3</sup> en alls munu falla til 25-30.000 m<sup>3</sup> við stækkun skurðar ofan varnargarðs. Umframefni verður nýtt til frágangs á landfyllingu og námum. Leitast verður við að fella varnargarð að landslagi með því að hafa hæð garðsins og halla í sem mestu samræmi landslag. Frágangur yfirborðs verður í samræmi við aðliggjandi svæði. Leitast verður við að bæta fyrir þau útivistarsvæði sem kunna að tapast við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri